



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/423**  
**komudagur 24.11.2011**

22. nóvember 2011  
SI-80037

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 9. nóvember 2011 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um úttekt á álitserðum matsfyrirtækja um láns hæfi íslenskra aðila, 35. mál á 140. þingi.

Þáttur matsfyrirtækjanna í fjármálakreppunni hefur mikið verið til umræðu á alþjóðavísu. Matsfyrirtækin hafa meðal annars verið gagnrýnd á Bandaríkjaþingi, í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og á vettvangi (OECD og) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hér á landi hefur einnig verið fjallað um þessi mál, m.a. í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis, í háskólasamfélaginu og í fjölmiðlum.

Seðlabankinn telur það geta komið til greina að gera úttekt af því tagi sem lögð er til í tillögu til þingsályktunar, en bendir á ofangreinda umfjöllun. Ef af verður leggur Seðlabankinn áherslu á að vel sé að því staðið að finna óháðan aðila og að vinna sérfræðings skarist ekki á við þá vinnu sem þegar hefur verið unnin í þessu samhengi.

Þess skal getið að Seðlabankinn gerir ekki greinarmun hvort um innlendan eða erlendan sérfræðing er að ræða.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Jón D. Sigurgeirsson  
framkvæmdastjóri

Bandaríkjaþing: <http://www.ft.com/intl/cms/fc7d55c8-661a-11e0-9d40-00144feab49a.pdf>

Evrópucommission: <http://www.bbc.co.uk/news/business-15739234>

OECD: <http://www.eubusiness.com/news-eu/oecd-eurozone-debt.b5x>

Ísland: <http://skemman.is/item/view/1946/3937>